

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. janúar 2021

**Efni: Umsögn ADHD samtakanna um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þingskjal 440-354. mál.**

ADHD samtökin fagna tilkomu frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Með því er stigið stórt framfaraskref í átt að bættri og heildstæðari þjónustu við börn án hindrana og með samvinnu allra stofnana sem að málefnum barna snúa. Samtökin lýsa yfir ánægju sinni að hafa átt þátt í starfi verkefnahópa með því markmiði að stuðla megi að bættum hag barna með ADHD og skyldar raskanir.

Neðangreind atriði telja ADHD samtökin þörf á að endurskoða.

Skv. 4 gr. skal boða til Farsældarþings sem hefur þann tilgang að vera umræðuvettvangur fagfólks, notenda og stjórnvalda í málum sem varða velferð barna. ADHD samtökin lýsa ánægju sinni yfir því að hér sé áréttað að sérstaklega skuli tryggja þátttöku barna þar sem nauðsynlegt er að gefa börnum kost á að hafa áhrif á velferð sína.

9 gr. fjallar um að þjónusta í þágu barna verði veitt á þremur þjónustustigum og greint verði eðli þeirrar þjónustu sem viðkomandi stofnanir veita. ADHD samtökin fagna þessari skilgreiningu sem hingað til hefur hvorki verið nægilega skýr né aðgengileg.

11. gr. tiltekur ákvæði um annars stigs þjónustu sem hefur það að markmiði að tryggja einstaklingsbundinn og markvissan stuðning með sérhæfðari og fjölbreyttri þjónustu í þágu farsældar barna. Á þessu stigi er vandinn orðinn meiri en svo að hægt sé að sinna honum á fyrsta stigi þjónustu þar sem ljóst er að sá stuðningur sé ekki að uppfylla þarfir barnsins. Gríðarlegur fjöldi barna er á bið eftir þjónustu og biðlistar lengjast sífelld. Lítið er um úrræði á landsbyggðinni sem er ekki í stakk búin til þess að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er. Efla verður annars stigs þjónustu til muna, fjölga þjónustuaðilum og veita nægu fjármagni til að hægt verði að sinna henni. Hver mánuður í lífi barns skiptir gríðarlegu máli og ljóst er að langir biðlistar auka á vandann og geta orðið til þess að þriðja stigs þjónustu verði þörf.

12. gr. tiltekur ákvæði um þriðja stigs þjónustu sem einungis er veitt ef um mikla umönnunarpörf eða flókinn og fjölþættan vanda er að ræða. Hér er um að ræða börn sem eru í aðstæðum þar sem skortur á stuðningi getur haft alvarlegar afleiðingar og ógnað heilsu þess og þroska. Á þessu þjónustustigi er mikill fjöldi barna á biðlista og lítil sem engin úrræði að hafa meðan á þeirri bið stendur. ADHD samtökin benda á að til að hægt sé að ráða bót á vandanum er nauðsynlegt að fjölga starfsfólki á þessu sviði og veita verulegu fjármagni í að minnka biðlista.

22. gr. fjallar um stuðningsteymi og stuðningsáætlun og er í 4 mgr. fjallað um endurmat og endurnýjun stuðningsáætlunar sem er á ábyrgð málastjóra. Hér er ekki mælt fyrir um ákveðin tímamörk fyrir endurmat og endurnýjun áætlunar en gert ráð fyrir að hún fari fram á sex mánaða fresti eða oftár eftir því sem við á.

Hér álíta ADHD samtökin að, til að tryggja að þörfum barnsins sé mætt miðað við aðstæður þess hverju sinni, þurfi að kveða skýrar að orði og málastjóra beri að endurmeta árangur á að minnsta kosti sex mánaða fresti.

Í sömu málsgrein kveður á um skyldu stuðningsteyma að gera þjónustuáætlun fyrir börn áður en 18 ára aldri er náð í þeim tilgangi að tryggja samfellu í þjónustu og koma í veg fyrir þjónusturof. Þessu fagna samtökin en um leið ítreka þau að þetta verði framkvæmt með góðum fyrirvara og skýrt verði hver taki við þjónustunni áður en barnið nær fullorðinsaldri. Gæta verður að því að úrræði séu til staðar til að koma í veg fyrir að biðlistar myndist og ekki glatist sá árangur sem þegar hefur unnist.

f.h. ADHD samtakanna



Elín H. Hinriksdóttir formaður